

Umsjón með lyfjagjöf geðfatlaðra er vanrækt

Mörg alvarleg aðfinnsluefni í skýrslu vinnuhóps um stuðningsþjónustu við geðfatlaða.

VELEFARÞJÓNUSTA. Það er harður dómur sem felldur er í skýrslu vinnuhóps um framkvæmd Stuðningsþjónustu Geðhjálp. Framkvæmdastjóri Geðhjálp, Sveinn Magnússon, segir annarsstaðar hér í blaðinu að hann hafi þungar áhyggjur af þessu ástandi.

Athuganir vinnuhópsins benda til að Stuðningsþjónusta Geðhjálp hafi ekki veitt nema hluta þeirrar þjónustu sem greitt var fyrir.

Vinnuhópurinn var skipaður fulltrúum frá Geðhjálp, Félagsþjónustunni í Reykjavík og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík. Meðal athugasemda í skýrslu vinnuhópsins segir:

„Ákvæði skortir í samningunum um húsnæði og er það í mjög mismunandi ástandi. Aðeins sjö af þrjátíu íbúum í þjónustukjörnum Stuðningsþjónustunnar hafa eigin salernis- og eldunaraðstöðu. Að meðaltali eru 34 fermetrar húsnæðis á hvern íbúa. Þetta ástand er óviðunandi.

Gerð er m.a. athugasemd við að yfirstjórn daglegs starfs Stuðningsþjónustunnar skuli ekki vera í höndum fagmenntaðs starfsmanns. Umsjón með mikilvægum þáttum þjónustunnar, svo sem lyfjagjöf, hefur verið vanrækt.

Ljóst er að eftirliti með þjónustunni hefur verið ábótavant.

Athuganir vinnuhópsins benda til að Stuðningsþjónusta Geðhjálp



hafi ekki veitt nema hluta þeirrar þjónustu sem greitt var fyrir.

Athuganir benda til að þörf íbúa sem eru í þjónustu Stuðningsþjón-



ustu Geðhjálp sé meiri en gengið er út frá í samningum.

Vinnuhópurinn telur það hlutverk eignaraðilans, Geðhjálp, að ákveða stjórnfyrikomulag þeirrar þjónustu sem hann hefur með höndum." ■

VESTURGATA 17 OG 17a
Það er í þessum húsum sem skjólstaðingar Geðhjálp búa við hvað hrikalegastar aðstæður. Vesturgata 17 að ofan, Vesturgata 17a að neðan.

VINNUHÓPUR GEÐHJÁLPAR

Í janúar síðastliðnum stofnaði Geðhjálp í samstarfi við Félagsþjónustuna í Reykjavík og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík vinnuhóp vegna samninga þessara aðila um Stuðningsþjónustu Geðhjálp. Verkefni hópsins var að yfirfara samninga með hlidsjón af lögum, efndir þeirra og gera ítarlega greiningu á þörfum varðandi réttindi og skyldur.

Í vinnuhópnum voru:

- Gunnhildur Bragadóttir, sjúkraliði,
- Halldór Kr. Júlíusson, sálfræðingur,
- Halldór Kolbeinsson, geðlæknir,
- Hrefna Haraldsdóttir, trúnaðarmaður fatlaðra,
- Sigríður Kristinsdóttir, sjúkraliði,
- Sigtryggur Jónsson, sálfræðingur, og
- Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp.